

Glerlistamennirnir Søren S. Larsen, Sigrún Ó. Einarsdóttir, Tchai Munch og Finn Lynggaard sýna verk sín á göngum Kjarvalsstaða og opnar sýningin á morgun. „Stefnumót glervina" nefnist þessi sýning, en tvö þau fyrrnefndu reka glerverkstæðið Bergvík á Kjalarnesi og verður þar blásið fyrir opnum dyrum sunnudaginn 9. september og eru allir velkomnir. Dönsku listamennirnir Tchai og Finn reka glerverkstæði í Ebeltoft á Jótlandi og mun Finn halda fyrirlestur á Kjarvalsstöðum 6. september er nefnist „Strøminger i moderne glaskunst". „Stefnumót glervina" endar 16. september.

Ágústa í Ásmundarsal

Á morgun laugardaginn 1. september verður opnuð í Ásmundarsal við Freyjugötu sýning á verkum Ágústu Ágústsson. Sýning þessi nefnist Bréf til Íslands, en Ágústa sem er fædd í Reykjavík árið 1952 er búsett í Bandaríkjunum. Á sýningunni verða 20 pastelmyndir af íslensku landslagi, en Ágústa hefur unnið að gerð landslagsmynda vestur í Bandaríkjunum síðastliðin 8 ár með mismunandi efnum, s.s. olíu, textíl og pastel. Auk þess verða á sýningunni 14 veggspjöld (plaköt) sem hún hefur gert fyrir fyrirtæki og stofnanir vestur þar. Fyrir nokkur þessara veggspjalda hefur hún hlotið verðlaun og viðurkenningar t.d. frá „Art Director's Club of Boston" og önnur hafa birst á prenti t.d. í „Graphis Posters Annual", „Best in Covers and Posters" og „Print Casebooks V." Sýningin sem stendur til 10. september verður opin virka daga frá kl. 16:00-22:00 og frá kl. 14:00-22:00 um helgar.





Gítartónleikar í Tónkvísl

Gítarskólinn „Gítar-inn" verður settur formlega á morgun kl. 2 með tónleikum í Hljóðfæraversluninni Tónkvísl að Laugavegi 17. Þar koma fram m.a. Björn Thoroddsen, Pétur Grétarsson, Skúli Sverrisson og fleiri.

Myndin er tekin í skólanum.



Verkið „Hrafninn og dúfan" olíumálverk eftir Marianne Lykkeberg, sem nú sýnir í Nýlistasafninu.

Dönsk listakona í Nýlistasafninu

Danska listakonan Marianne Lykkeberg opnaði í gær sýningu á verkum sínum í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Á sýningunni eru málverk unnin á síðustu tveimur árum. Marianne er litaglaður expressionisti sem numið hefur m.a. á Konunglegu Akademíunni í Höfn. Hún hefur haldið sýningar víða, m.a. í Jo Banks Galleri og á Carlotteborg. Sýning hennar stendur til 9. september.



„Ensomhet" (Einmanaleiki) nefnist þetta verk eftir Svein Ellingssen sem opnar sýningu í anddyri Norræna hússins á morgun.

Tveir Norðmenn í Norræna húsinu

Norski listamaðurinn Svein Ellingssen opnar á morgun sýningu í Norræna húsinu, en hann er einnig þekktur sem sálmaskáld. Svein er fæddur 1929 og nam við Listaháskólann í Osló 1952-55 og við einkaskóla. Hann hefur haldið fjöldamargar sýningar, en sýningin hér er fyrsta einkasýningin utan Noregs. Sýningin er opin daglega frá 9-19 og sunnudaga 12-19.

Annar Norðmaður sýnir nú í kjallara Norræna hússins, Herman Hebler og er þetta síðasta sýningarhelgin. Hann sýnir 40 grafíkverk.

Óperuprógrammið í síðasta sinn

Sumarprógram Íslensku óperunnar er á dagskrá í kvöld kl. 21.00 í síðasta sinn. Meðal efnis eru íslensk þjóðlög og ættjarðarsöngvar, kór og einsöngslög svo og atriði úr óperum og óperettum. Í hléi er gestum kenndur íslenskur vikivaki. Einsöngvarar í kvöld eru Ólöf K. Harðardóttir og Garðar Cortes. Auk þeirra kemur fram kór Íslensku óperunnar. Sumarprógram óperunnar er ætlað henni til styrktar og gefa allir listamennirnir vinnu sína í því skyni. Stjórnandi er Garðar Cortes og undirleikari Þóra Fríða Sæmundsdóttir.

Rykkrokk í Fellahelli

Það verður rykkt og rokkað á planinu við félagsmiðstöðina Fellahelli á morgun frá kl. 19.00. 20 breakarar skrykkja undir stjórn diskótekarans Titta og hljómsveitirnar sem spila eru: Dalli og rytmadrengirnir, Svefnpurkur, Óákveðna riffið og stórrokkhljómsveitin OXSMÁ.

Tónlist

Kórmenntanámskeið

Söngsveitin Fílharmónía hyggst nú í fyrsta sinn halda námskeið í kórsöng. Nefnist það *Kórmenntanámskeið* og hefst 10. sept. n.k. Leiðbeinandi verður Sigrún Andrésdóttir og annast hún og skipuleggur kennsluna. Jafnframt sér hún um raddþjálfun kórsins og „upphitun".

Námskeiðið verður þrískipt: Undirbúningsnámskeið, grunnnámskeið og framhaldsnámskeið.

Sem fyrr segir hefst undirbúningsnámskeiðið 10. sept. og lýkur 26. sept. Kennt verður tvö kvöld í viku, mánudags- og miðvikudagskvöld, kl. 18,30 - 19,30.

Undirbúningsnámskeiðið á að veita uppörvun því fólki, sem áhuga hefur á kórsöng en enga reynslu og veigrar sér því við að ýta ur vör. Þar eiga menn að geta öðlast undirstöðuþekkingu fyrir kórsöng. Þátttökugjaldið er kr. 250.-

Grunnnámskeiðið hefst í okt. og lýkur um miðjan des. Leiðbeint verður um raddbeitingu, nótnalestur, textaframburð o.fl. sem tengist kórsöng. Gjald fyrir grunnnámskeiðið er áætlað 1000 kr.

Framhaldsnámskeiðið hefst síðan í janúar og verður nánar kynnt síðar.

Væntanlegir þátttakendur hringi í síma: 16034 – Dóróthea, 74135 – Anna María, 42724 – Margrét.

– mhg.